

Fimmtudaginn 24. september 1998.

Nr. 377/1998.

**Kristján Þór Vilhjálmsson og
Trygging hf.**

(Valgeir Pálsson hrl.)

gegn

Rúnari Þór Róbertssyni

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 7. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. ágúst 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna, að því er varðar beiðni hans um mat á varanlegum miska, sem hann hafi hlotið af nánar tilteknu umferðarslysi 4. september 1994, varanlegri örorku af sama slysi og hvenær hann hafi ekki mátt vænta frekari bata vegna afleiðinga þess. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðilum gert í sameiningu að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðilar verða dæmdir til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Kristján Þór Vilhjálmsson og Trygging hf.,

greiði í sameiningu varnaraðila, Rúnari Þór Róbertssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. ágúst 1998.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, vegna ágreinings um beiðni stefnanda um dómkvaðningu tveggja matsmanna var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu, 15. apríl sl.

Stefnandi er Rúnar Þór Róbertsson, kt. 220868-3629, Flétturima 16, Reykjavík.

Stefndu eru Kristján Þór Vilhjálmsson, kt. 031255-5979, Urðarbaki, Þverárhreppi, og Trygging hf., kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík.

Er mál þetta var tekið fyrir á dómþingi 22. júní sl., var lögð fram af hálfu stefnanda beiðni um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra matsmanna, læknis og lögfræðings, til þess að skoða og meta afleiðingar umferðarslyss, er stefnandi varð fyrir 4. september 1994.

Af hálfu stefndu var beiðni þessari mótmælt og ágreiningsatriðið tekið til úrskurðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi varð fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 4. september 1994, er hann var farþegi í bifreiðinni IS-555. Stefndi, Kristján Þór Vilhjálmsson, var ökumaður bifreiðarinnar, sem var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefndu, Tryggingu hf. Stefnda, Trygging hf., hefur viðurkennt bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna afleiðinga slyssins.

Að ósk stefndu, Tryggingar hf., skilaði örorkunefnd álitsgerð 28. júní 1996 og lagði mat á varanlegan miska og varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins. Jafnframt lagði nefndin mat á það, hvenær stefnandi hefði ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum slyssins, og taldi það hafa verið 1. sept. 1995.

Stefnda, Trygging hf., greiddi stefnanda árið 1996 bæt看 vegna tímabundins tekjutjóns hans frá slysdegi til 1. sept. 1995 og þjáningabætur vegna veikinda í 270 daga. Voru bæt看 þessar reistar á áliti örorkunefndar um afleiðingar slyssins. Telja stefndu tjón stefnanda að fullu bætt með greiðslum þessum.

Stefnandi telur álit örorkunefndar um afleiðingar slyssins vera rangt og í ósamræmi við staðreyndir um afleiðingar slyssins. Í fyrsta lagi telur stefnandi rangt það álit örorkunefndar, að hann hafi ekki getað vænst frekari bata eftir 1. september 1995, og bendir á, að það sé staðreynd, að hann hafi verið með öllu óvinnufær vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi og til 2. september 1997, er meðferð Halldórs Jónssonar læknis lauk vegna staurliðsaðgerðar, er hann framkvæmdi 7. mars 1997. Því telur stefnandi það fráleitt, að matsbeiðandi hafi aðeins orðið fyrir tímabundnu tekjutjóni skv. 2. gr.

laga nr. 50/1993 frá slysdegi og til 1. september 1995. Jafnframt sé það fráleitt, að matsbeiðandi hafi aðeins verið veikur í skilningi 3. gr. laga nr. 50/1993 til 1. september 1995, og telur stefnandi gögn málsins tala skýru máli um, að hann hafi verið veikur í skilningi 3. gr. laga nr. 50/1993, þar til meðferð Halldórs Jónssonar læknis lauk 2. september 1997. Þá er stefnandi ósamþykkur álitni örorkunefndar um varanlega örorku og miska sinn vegna afleiðinga slyssins og telur, að um verulegt vanmat sé að ræða á afleiðingum slyssins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að örorkunefnd starfi samkvæmt ákvæðum 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og hafi það hlutverk að gefa álit um ákvörðun miskastigs og örorkustigs, sé þess óskað af tjónþola eða þeim, sem ábyrgð ber á tjóni. Í örorkunefnd eigi sæti þrír menn, einn lögfræðingur og tveir læknar, allir skipaðir af ráðherra. Á álitssgerð örorkunefndar verði að líta sem matsgerð, framkvæmda af opinberum starfsmönnum skv. 3. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vísan til 1. mgr. 61. gr. laganna verði matsmenn því ekki dómkvaddir í máli þessu, þegar svo hátti um skipan matsmanna sem segi í 3. mgr. 60. gr. Álitssgerð örorkunefndar verði því ekki hnekkt með matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna. Er því mótmælt, að dómkvaddir verði matsmenn með þeim hætti, sem stefnandi fer fram á, til að meta að nýju þau atriði, sem þegar hafi verið metin af örorkunefnd.

Ef ætlun stefnanda sé að freista þess að fá hnekkt álitssgerð örorkunefndar um varanlega örorku, varanlegan miska og hvenær ekki hafi verið að vænta frekari bata af afleiðingum slyssins, verði það einungis gert með yfirmati, sem gert yrði skv. ákvæðum 64. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Um matsgerðir er fjallað í IX. kafla laga nr. 91/1991, 60.–66. gr. Í 3. tl. 60. greinar laganna segir, að ef opinber starfsmaður er skipaður í eitt skipti fyrir öll til að meta tiltekin atriði, geti aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að vinna matið eða hann er fús til þess án dómkváðningar, enda sé það í verkahring hans.

Samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 getur tjónþoli eða sá, sem ábyrgð ber á tjóni, óskað álits um ákvörðun miskastigs og örorkustigs hjá örorkunefnd. Samkvæmt 11. gr. sömu laga er heimilt að skjóta ákvörðun um miskastig eða örorkustig aftur til úrlausnar örorkunefndar, ef ófyrirsjáanlegar breytingar hafa orðið á heilsu tjónþola. Þessi ákvæði skaðabótalaga um örorkunefnd og tilvitnað ákvæði 60. gr. laga nr. 91/1991 verða ekki túlkuð á þann veg, að þau girði fyrir, að stefnanda sé heimilt að fá dómkvadda matsmenn til þess að meta tjón sitt vegna slyssins, sem hann varð

fyrir 4. september 1994. Ekki verður heldur á það fallist með stefndu, að stefnandi verði að byrja á því að fá dómkvadda yfirmatsmenn skv. 64. gr. laga nr. 91/1991 til þess að reyna að hnekkja álitserð örorkunefndar.

Sönnunargildi matsgerðar dómkvaddra matsmanna kemur til athugunar við efnisúrlausn máls.

Í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991 er mælt fyrir um, hvers efnis beiðni um dómkvaðningu matsmanns eigi að vera. Fram lögð beiðni matsbeiðanda telst vera í samræmi við fyrirmæli fyrrgreinds lagaákvæðis.

Með hliðsjón af framanrituðu þykja engin efni til að hafna kröfu matsbeiðanda um dómkvaðningu matsmanna, eins og óskað er.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðin dómkvaðning matsmanna skal fara fram.
